

Skil á veltutölum

- Skila á tölum fyrir veltu í hverjum rammasamningi sem viðkomandi er aðili að.
- Aðeins skal skila inn veltu af umsaminni vöru eða þjónustu og skiptir ekki máli hvort um bein kaup sé að ræða eða eftir örútboð.
- Gefin er upp í veltutölum ein heildartala án vsk. á kennitölu.

Mynd í vefgátt eftir innskráningu með skýringarnúmerum.

The screenshot shows the Ríkiskaup website interface. At the top, there is a header with the Ríkiskaup logo and contact information. Below the header, there is a section for 'Samningsupplýsingar' (Contract Information). This section includes a dropdown menu for 'Rammasamningur' (Contract) and another for 'Ársfjórðungur' (Quarter). Below these, there is a table with columns for 'RK Flokkur', 'Upphaf / lok gildistíma', 'Staða skilgreinar', and 'Heildarviðskipti'. Below the table, there is a section for 'Veltuupplýsingar' (Cancellation Information) with a message: 'Vinsamlegast skráið veltuupplýsingar án virðisauka.' Below this, there is a form with fields for 'Kennitala kaupanda', 'Heildarviðskipti án vsk.', 'kr.', and 'Skrá færslu'. At the bottom, there are buttons for 'Les inn skrá', 'Núll skil', and 'Skila inn veltuupplýsingum'. Red circles and letters A, B, and C highlight specific elements: 1 (Ríkiskaup 660169-4749), 2 (Rammasamningur dropdown), 3 (Ársfjórðungur dropdown), 4 (Staða skilgreinar), 5 (Heildarviðskipti), 6 (Veltuupplýsingar section), A (Núll skil checkbox), B (Kennitala kaupanda field), B1 (Skrá færslu field), and C (Les inn skrá button).

1- Sýnir hver er innskráður.

2- Þeir samningar sem skráðir eru á viðkomandi. Í þessu tilviki eru þeir þrír. Þegar fellilisti er opnaður smellir á ör (v) og heiti samninganna birtast.

Veljið þann samning sem skila á veltu fyrir.


This screenshot shows a close-up of the 'Rammasamningur' dropdown menu. The menu is open, showing a list of contracts with their IDs and descriptions. The first three items are highlighted in blue: 'RS Þjónusta lönmeistara - Málaraiðn (S04699)', 'RS Þjónusta lönmeistara - Málaraiðn (S04699)', and 'RS Þjónusta lönmeistara - Múraraiðn (S04762)'. The other two items are 'RS Þjónusta lönmeistara - Húsasmíði (S04888)' and 'RS Þjónusta lönmeistara - Málaraiðn (S04699)'. The background shows the same contract summary as the previous screenshot.

Þegar samningur hefur verið valinn birtist heiti hans, upphaf / lok gildistíma hans, staða skilagreinar og heildarviðskipti á þeim samningi.

RK Flokkur	Upphaf / lok gildistíma	Staða skilagreinar	Heildarviðskipti
17.08 Þjónusta Iðnmeistara - Rafiðn	14.6.2016 / 30.6.2020	Skráð	5.642.032 kr.

Athugið vel að rammSAMNINGUR um Þjónustu Iðnmeistara er nú tvískiptur; vinna fyrir ríkiseignir (fasteignir, jarðir og auðlindir í eigu ríkisins) annars vegar og almennir kaupendur hins vegar.

- 3- Veljið ársfjórðung úr fellilista. Athugið að alltaf þarf að skila ársfjórðungum í réttri röð, þ.e.a.s. ekki er hægt að skila inn fyrir fjórða ársfjórðung ef ekki er búið að skila inn fyrir þann þriðja.
- 4- Sýnir stöðu á viðkomandi skilagrein: Stöðurnar eru:
 - a. Ný = Ekki búið að skrá skilagrein í kerfið.
 - b. Skráð = Skráð, skilagrein hefur verið skilað en er ekki afgreidd.
 - c. Afgreidd = Skilagrein hefur verið afgreidd og bókfærð.
- 5- Sýnir samtölu / heildarviðskipti viðkomandi skilagreinar fyrir þann ársfjórðung sem valinn er.
- 6- Veltuupplýsingar. Yfirlit yfir veltuskil viðkomandi. Ef skrá á veltutölur er það gert á þessu svæði.



Veltuupplýsingar S04699 RS Þjónusta Iðnmeistara - Málaraíðn (S04699) - Q2/2020 10:47:11

Vinsamlegast skráið veltuupplýsingar án virðisauka.
S04699:Q2 10:47:11

Skilað inn með engum viðskiptum.

Núll skil Skila inn núll viðskiptum Staðfestið að allar upplýsingar séu réttar

- 7- Skil á veltuupplýsingum. Þegar veltutölur hafa verið skráðar er smeltt á þennan hnapp til að skila þeim.
Gögn eru ekki vistuð fyrr en þau hafa verið send inn.

Leiðir til að skila veltutölum

A. Núll skil.

Ef engin velta hefur verið í viðkomandi samningi á viðkomandi ársfjórðungi þarf að gera grein fyrir því með því að haka í reitinn „Núll skil“ (merkt **A** á skýringarmynd).

Hér þarf einnig að smella á bláa hnappinn „Skila inn veltuupplýsingum“ (sjá nr. 7 á skýringarmynd) til þess að núllfærslan fari inn í gáttina.

Ef það er ekki gert jafngildir það því að engin skil hafi verið framkvæmd fyrir þann ársfjórðung.

Núll skil
 Skila inn núll viðskiptum

Staðfestið að allar upplýsingar séu réttar


B. Fáar færslur.

Ef um fáar færslur er að ræða er nóg að slá inn kennitölu stofnunar/sveitafélags og veltu í þar til

gerða reiti (sjá **B** á skýringamynd). Kennitala er könnuð á móti þjóðskrá. Færslu er synjað ef kennitala passar ekki við skráningu í þjóðskrá. Síðan þarf að smella á „Skrá færslu“ (sjá **B1** á skýringamynd) og er þetta skref endurtekið fyrir hverja færslu. Athugið að yfirfara að allar færslur séu réttar áður en smellt er á bláa hnappinn „ Skila inn veltuupplýsingum“ (sjá nr. **7** á skýringamynd).

C. CSV-skrá margar færslur.

Þegar um er að ræða margar færslur er nauðsynlegt að nota svokallaða CSV skrá til að lesa inn upplýsingarnar. Dæmi/sniðmat af CSV skrá kemur fram ef smellt er á “Les inn skrá” (sjá **C** á skýringarmynd)



Mikilvægt er að forsníðnu dálkarnir þrír haldi sér þegar upplýsingar eru slegnar eða afritaðar inn í skjalið. Þegar því er lokið er skjalið vistað og því hlaðið inn í gáttina.

- Kennitala stofnunar: Verður að vera með kennitölusniði sex tölur, bandstrik, fjórar tölur eða tíu tölur án bandstriks. Dæmi 123456-7890 eða 1234567890.
- Heildarviðskipti stofnunar eru **án vsk**.
 - o Verður að vera tala.
 - o Má ekki hafa viðskeyti t.d. „kr.“ eða annað slíkt.

Athugið þegar csv skráin er vistuð biður excel um staðfestingu um að þú viljir vista skjalið á csv formi, veljið „Yes“.

Þegar skráin er tilbúin er henni hlaðið inn í gáttina með því að smella á „browse“ takkann (“Choose file”). Þegar búið er að finna skjalið þá skal smella á hnappinn „Les inn skrá“ til að veltuupplýsingarnar lesist

Leiðrétting eða viðbætur á innsendum upplýsingum

Ef í ljós kemur að mistök hafa verið gerð við innslátt eða innkeyrslu á veltutölum er hægt að ógilda skilagreinina, og setja inn nýja.

Ef staða skilagreinar er „skráð“ (Sjá skýringar við nr. **4** á skýringamynd) skal ýta á hnappinn „Ógilda skilagrein“ og kemur upp gluggi þar sem þú ert beðinn um að staðfestingu. Þegar þetta er búið er hægt að lesa inn csv skjal á sama máta og áður.

Ógilda skilagrein

Hvað ef...?

Ég get ekki valið núverandi ársfjórðung? – Sjá nr. **3** á skýringamynd.

- Getur verið að búið sé að skila veltutölum fyrir þann ársfjórðung nú þegar?
- Athugið að skila verður fyrir alla ársfjórðunga í réttri röð, þ.e. klárið öll eldri skil sem er ólokið fyrst.

Ég get ekki keyrt inn veltutöluskjalið?

- Ertu með skjalið á csv formi? Sjá leiðbeiningar í gáttinni.
- Fyrsta línan verður að byrja á „Kennitala stofnunar; Nafn stofnunar; Heildarviðskipti stofnunar án vsk“
Athugið að óheimilt er að bæta við dálkum, þá verður csv skjalið ólæsilegt f. kerfið.

- c. Er rétt skráð í kennitölureitinn? Vantar staf, eða eru fleiri upplýsingar inn í þessum dálki?
- d. Eru bókstafir í upphæðadálkinum?

Hvað ef enginn eða rangur rammasamningur birtist í gáttinni?

Sendu ábendingu á Ríkiskaup með því að senda tölvupóst á rammarekstur@rikiskaup.is

Ég sé villu í innsendum upplýsingum?

Sjá leiðbeiningar um [leiðréttingu / ógildingu innsendra skilagreina](#) hér að ofan.

Það birtist rammasamningur hjá mér sem er fallinn úr gildi? Á ég að skila fyrir hann?

Já, Ef þú átt eftir að skila veltu fyrir þann samning þá birtist hann á þínu svæði.